

Miðvikudaginn 21. apríl 1948.

Kærumálið nr. 2/1948. Bogi Brynjólfsson

gegn

Einari Arnalds, borgardómara í Reykjavík,
persónulega og f. h. ríkissjóðs.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ákvörðun ritlauna.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 22. marz þ. á., er hæstarétti barst 31. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt analogíu 186. gr. laga nr. 85/1936 kært ákvörðun varnaraðilja um ritlaun fyrir dómsgerðir í máli sóknaraðilja gegn Árna Sigfússyni, er rekið var fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og dæmt þar 2. júlí 1947. Svo kærir sóknaraðili og samkvæmt 4. mgr. 34. gr. sömu laga varnaraðilja til greiðslu fésektar fyrir drátt á afgreiðslu greindra dómsgerða. Gerir sóknaraðili þær kröfur, að varnaraðilja verði annaðhvort f. h. ríkissjóðs eða persónulega dæmt að endurgreiða honum ofgreidd ritlaun eftir mati hæstaréttar, að varnaraðilja verði dæmt að greiða sekt og að varnaraðilja verði annaðhvort f. h. ríkissjóðs eða persónulega dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð um málið og andmælt framangreindum kröfum sóknaraðilja.

Dómsgerðir þær, er kæran varðar, eru samtals 171 bls. Hefur sóknaraðili galdið fyrir þær kr. 207.00 í ritlaun með fyrirvara um endurgreiðslu. Dómsgerðirnar hefjast á endurriti úr bæjarþingsbók Rykjavíkur af því, sem þar hefur verið bókað í ofangreindu máli, alls 15 bls. Þá er á bls. 16—20 endurrit úr dómabók Reykjavíkur af dómi í málinu. Næst er á bls. 21—164 endurrit dómskjala, sem heft eru í dómsgerðirnar. Eru endurrit þessi ekki rituð af starfsfólki borgardómaraskrifstofunnar, heldur hafa sóknaraðili og gagnaðili hans í héraði lagt þau til. Loks eru á bls. 165—171 2

dómskjöl í frumriti, heft með dómsgerðunum. Kveður sóknaraði sér aðeins hafa borið að greiða ritlaun fyrir framangreint endurrit úr bæjarþingsbókinni, sem hann telur vera 14½ bls. Hins vegar telur hann sér hafa verið óskýlt að greiða ritlaun fyrir endurrit þau af dómskjölum, sem hann og gagnaðili hans í héraði höfðu afhent borgardómaraembættinu. Krefst hann endurgreiðslu samkvæmt ákvörðun hæstaréttar á þeim hluta ritlaunanna, sem tekin hafi verið fyrir endurrit þessi.

Varnaraðili hefur gert eftirfarandi grein fyrir ákvörðun ritlaunanna. Hann kveður upphaf dómsgerðanna, 20. bls., vélritað af starfsfólki borgardómaraskrifstofunnar. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1894 og 10. gr. laga nr. 85/1938 beri að taka kr. 1.50 fyrir hverja 4 blaðsíðna örk, ef leturmergð sé sú, er getur í 3 mgr. 3. gr. laga nr. 2/1894. En nú sé leturmergð á hverri vélritaðri bls. dómsgerðanna tvöfalt meiri en í nefndu lagaboði greinir, og hafi hann því samkvæmt venju reiknað ritlaunin kr. 3.00 fyrir hverja vélritaða örk. Þegar við sé bætt verðlagsuppbót samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1947, verði ritlaun fyrir hverja örk kr. 9.00, og þá alls kr. 45.00 fyrir nefndar 20 bls. Þá kveður varnaraðili ekkert gjald vera tekið fyrir þau frumrit dómskjala, alls 7 bls., sem heft séu með dómsgerðunum. Loks séu 144 bls., eða 36 arkir, sem málsaðiljar í héraði hafi lagt til. Endurrit þessi verði starfsmenn borgardómaraembættisins að lesa saman við frumrit, áður en þau eru heft inn í dómsgerðirnar. Fyrir það starf kveðst varnaraðili hafa í samráði við dómsmálaráðuneytið reiknað hálf ritlaun, eða kr. 4.50 fyrir hverja örk, og þá alls fyrir nefndar 36 arkir kr. 162.00.

Þeirri skýrslu varnaraðilja, að fyrstu 5 arkir dómsgerðanna séu vélritaðar af starfsfólki borgardómaraskrifstofunnar, hefur ekki verið hnekkt. Eru ritlaun fyrir þær rétt reiknuð af varnaraðilja, kr. 45.00. Fyrir að lesa eftirrit dómskjala saman við frumrit var varnaraðilja heimilt að taka gjald samkvæmt ákvæðum 48. gr. laga nr. 27/1921 og 1. gr. laga nr. 121/1947. Það gjald nemur kr. 4.00 fyrir hverja vélritaða örk. Eftir því hefur sóknaraðilja verið gert að greiða um of kr. 0.50 fyrir samlestur hverrar arkar end-

urritanna, eða alls kr. 18.00 fyrir áðurgreindar 36 arkir. Ber varnaraðilja f. h. ríkisjóðs að endurgreiða sóknaraðilja þá fjárhæð.

Sóknaraðili bað um ofangreindar dómsgerðir í bréfi til varnaraðilja, dags. 18. ágúst f. á., en afgreiddar eru þær frá borgardómaraembættinu hinn 17. marz þ. á. Telur sóknaraðili þenna drátt á afgreiðslu dómsgerðanna brot á ákvæðum 44. gr. laga nr. 85/1936, er sektum eigi að varða samkvæmt 34. gr. sömu laga.

Varnaraðili telur ókleift hafa verið, með þeim mannafla, sem að vélritun vinnur við borgardómaraembættið, að afgreiða dómsgerðirnar fyrr en raun var á. Þeirri reglu sé fylgt, að beiðnir um endurrit séu afgreiddar í sömu röð og þær berast, en þó svo, að endurrit dóma, sjóferðaprófa og vitna-skýrslna verði að ganga fyrir dómsgerðum. Kveður hann sér hafa verið ljóst, að núverandi starfslið embættisins, sem að vélritun vinnur, gæti ekki annað afgreiðslu dómsgerða innan þess frests, sem lög ákveða. Hafi hann því reynt að afla sér heimildar dómsmálaráðuneytisins til þess að ráða vélritunarstúlku til viðbótar því starfsliði, sem fyrir er, en ráðuneytið hafi ekki á það fallið, og ekki hafi það heldur veitt leyfi til þess að greiða kaup fyrir eftirvinnu. Þegar þessar aðstæður varnaraðilja við embætti hans eru virtar, verður framangreindur dráttur á afgreiðslu dómsgerðanna ekki metinn honum til sakar. Krafa sóknaraðilja um að varnaraðilja verði dæmt að greiða sekt, verður því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Einar Arnalds borgardómari, greiði f. h. ríkissjóðs sóknaraðilja, Boga Brynjólfssyni, kr. 18.00. Kærumálskostnaður fellur niður.